



FRÉTTIR

FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

1. TBL. 33. ÁRG. 2019



Meðal efnis í blaðinu:

Pistlar og viðtöl við félagsmenn bls. 3-5

Aðalfundur FVSA 2019 bls. 7

Sumarleiga 2019: Orlofshús & ferðastyrkir bls. 8-11

Krossgáta bls. 15

Stjórn og trúnaðarráð 2019–2020

Í stjórninni eiga sæti:

Eiður Stefánsson, formaður FVSA
 Anna Kristín Árnadóttir, Norðlenska
 Anna María Elíasdóttir, Rammi hf.
 Halldór Óli Kjartansson, Markaðsstofa Norðurlands
 Jón Grétar Rögnvaldsson, Penninn

Í varastjórn eru:

Agnes Reykdal, Byko
 Arnbjörg Jónsdóttir, Keahótel
 Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Air Iceland Connect

Trúnaðarráð:

Trúnaðarráð félagsins er skipað 21 félagsmanni, þar af 5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar, sem kosnir eru á aðalfundi.

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðarráði:

Anna Guðmundsdóttir, VÍS
 Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Kjörbúðin Dalvík

Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip
 Bára Waag Rúnarsdóttir, Hagkaup
 Erla Bjarnadóttir, Höldur hf.
 Eva Ósk Hafdísardóttir, Olís við Tryggvabraut
 Gestur Gunnar Björnsson, N1
 H. Heimir Geirdal, Nettó Glerártorg
 Hanna Sigrún Magnþórsdóttir, Bónus Langholti
 Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
 Ingvar Gunnarsson, Byko
 Jón Haraldur Lárusson, Húsasmiðjan
 Margrét Júlía Óladóttir, N1

Til vara:

Bergþóra Jóhannsdóttir, Frumherji
 Hallveig Stefánsdóttir, Grófargil
 Hulda Björnsdóttir, Heimilistæki/Tölvulistinn
 Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen, Kjörbúðin Ólafsfirði
 Katrín Guðrún Pálsdóttir, CCEP
 Kristín Hjaltalín, Kjarnafæði
 Margrét Brynjólfssdóttir, Bókhaldsþjónusta Þórðar
 Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Primex ehf.
 T. Anna Petra Lindberg, Rúmfatalagerinn

Starfsdagur trúnaðarmanna 2019

Starfsdagur trúnaðarmanna er árlegur viðburður FVSA þar sem trúnaðarmenn félagsins og stjórnir koma saman. Uppbyggileg fræðsla í bland við skemmtun er ævinlega á dagskrá og í ár var engin undantekning þar á. Starfsdagurinn var haldinn á Hótel KEA fimmtudaginn 17. janúar þar sem 30 félagsmenn komu saman og hlýddu á fyrirlestra. Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir, frá Lífeyrissjóðnum Stapa, komu og voru með fræðslu um lífeyrissjóðinn og lífeyrissparnað. Geir Hólmarsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri, kom og var með áhugaverðan fyrirlestur um sköpun og Eiður Stefánsson, formaður FVSA, fór yfir stöðuna í kjaramálum. Á fundinum fór einnig fram kosning þar sem trúnaðarmenn völdu átta aðalmenn og fjóra varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2019-2020.



Meting var góð á starfsdegi trúnaðarmanna í janúar.

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjóri:** Ingibjörg Bergmann Bragadóttir.
Umbrot: Blek – blekhonnun.is **Forsíðumynd:** Þórður Halldórsson. **Prentun:** Ásprent.

Ótrúlega skemmtilegt að vera trúnaðarmaður

Arnbjörg Jónsdóttir hefur verið trúnaðarmaður hjá Keahótelum í eitt ár og líkar starfið mjög vel. Arnbjörg, sem er rúmlega þrítug, vinnur í bókunardeildinni og hefur verið þar á þriðja ár. Hún lýsir því hversu mikið trúnaðarmannastarfið kom henni á óvart og hversu skemmtilegt það er búið að vera.

Það vantaði trúnaðarmann hjá Keahótelum og Arnbjörg var spurð í kjölfarið hvort hún hefði ekki áhuga á að taka þetta að sér. „Ég svona eiginlega lenti í þessu bara. Það var enginn trúnaðarmaður á þeim tíma þannig að það vantaði einhvern í starfið. Ég hef áhuga á allskonar hlutum en vissi reyndar ekki að ég hefði áhuga á þessu,“ segir Arnbjörg og hlær.

Okkur finnst bara sjálfsagt að fá kaffitíma og orlof

Hún segist hafa vitað voða lítið um starfsemi verkalýðsfélaga þegar hún byrjaði sem trúnaðarmaður en hafi lært ótrúlega mikið eftir að hún kom inn í starfið. „Þetta hefur vikkad sjóndeildarhringinn minn svakalega. Ég vissi alveg að stéttarfélag semja um launin þín og þú getur leitað til þeirra ef það er brotið á þér en þetta er nefnilega svo miklu meira en það, þessi kaup og kjör sem skipta svo gríðarlegu máli! Öll þessi réttindi sem maður hefur, eitthvað sem okkur finnst bara sjálfsagt, að fá kaffitíma og orlof og allt þetta. Þau hafa barist fyrir þessu öllu og það verður að halda því á lofti áfram,“ segir Arnbjörg sem hefur á síðasta ári verið mjög virk innan verkalýðshreyfingarinnar og settist í varastjórn félagsins eftir síðasta aðalfund.

Lagði óperuna á hilluna og snéri aftur til Akureyrar

Arnbjörg bjó í Vínarborg í þrjú ár þar sem hún lærði klassískan söng og ætlaði að reyna fyrir sér sem atvinnuóperusöngkona en hún hefur sungið og verið í tónlistarnámi alveg frá sex ári aldri. Hún segist hafa fundið það fljótt að samkeppnin var gríðarlega hörð og hún var ekki tilbúin til að leggja á sig það sem hún þurfti til að verða óperusöngkona í þessari höfuðborg klassískrar tónlistar. „Það voru aðrir hlutir sem ég sá að ég gat bara verið hamingjusöm með að gera líka. Ég elska að synja en ég get fengið útrás fyrir það á ýmsum öðrum sviðum án þess að fara alveg inn í þessa óperusenu,“ segir Arnbjörg sem hélt þó áfram að búa í Vínarborg og fór að vinna á hóteli og veitingahúsi þar næsta árið.

Hún rifjar upp að sem unglingur í Menntaskólanum á Akureyri hafi hún ákveðið að flytja aldrei aftur til Akureyrar. Hins vegar eftir tvö ár í Reykjavík og þrjú ár í Vínarborg varð hún ástfangin af Akureyri upp á nýtt. „Ég ætlaði sko aldrei, aldrei að flytja hingað aftur. Svo sá ég Akureyri bara í allt öðru ljósi. Ríkt menningarlíf, stutt í allt og bara yndislegt að vera hér,“ segir Arnbjörg.



Arnbjörg Jónsdóttir, trúnaðarmaður FVSA hjá Keahótelum á Akureyri.

Enginn veit hvað átt hefur (stéttarfélag) fyrr en misst hefur (stéttarfélag)

Hún segist hafa tekið eftir því fyrst af alvöru hversu gott er að vera og vinna á Íslandi þegar hún vann á hóteli í Vínarborg. Þá varð henni ljóst hversu mikilvægt er að vera í stéttarfélagi og að geta leitað til þess. Þar var ekki borgað í stéttarfélag og ýmist unnið kvöldis eða morgna. Ekki skipti máli á hvaða tíma sólahrings þú varst að vinna eða hversu langar vaktirnar voru, alltaf fékkstu sama tímakaupið. „Þarna úti varð ég rosalega meðvitað um það hver réttindi mín voru og hvaða réttindi ég hafði á Íslandi sem ég hafði ekki þarna. Þú gast ekki leitað til stéttarfélags og þú varst bara á jafnaðarkaupi, einn launataxti alveg sama hvenær þú varst að vinna. T.d. mætti ég í vinnuna á nýársdag kl. 7 að morgni og vann allan daginn. Ég fékk bara greidd venjuleg laun,“ segir Arnbjörg en þarna úti þekktist vaktaálag ekki en starfsmenn fá að hluta til þjórfe sem á að bæta upp fyrir slæm kjör.

Engin spurning of heimskuleg

Arnbjörg segir það mjög mikilvægt að fræða ungt fólk um réttindi sín og stéttarfélög með því að halda umræðunni á lofti. Þar kemur trúnaðarmannastarfið sterkt inn og kveikir undir umræðunni. „Fólk þarf hreinlega bara að vita að stéttarfélög eru til og hjálpi öllum, alveg sama hvað það er. Það er betra að hafa samband of oft frekar en aldrei. Engin spurning er of heimskuleg.“

Þetta er engin aukavinna – Bara skemmtilegt!

Aðspurð hvort margir hafi leitað til hennar sem trúnaðarmanns segir hún örfá tilfelli hafa komið upp en aldrei neitt alvarlegt og þá yfirleitt spurningar almenns eðlis. „Það er kannski ákveðinn misskilningur að það að vera trúnaðarmaður sé einhver aukavinna eða kvöld. Þvert á móti er þetta bara ótrúlega skemmtilegt. Ég hef kynnst mjög mörgu fólki í gegnum þetta og fengið allt aðra sýn á mitt samfélag. Ég bara mæli klárlega með þessu.“

Petta er í alvörunni svona einfalt

Það er orðin svo mikil pressa í samfélaginu í dag. Það er svo margt sem við þurfum að fylgjast með árlega, daglega, á klukkutímastigi... hvernig á maður að hafa tíma í þetta allt? Stundum sakna ég hreinlega vasadískó árána, þegar maður setti bara geisladiskinn í og ýtti á play, eða pásu, bara eftir þörfum. Það er ekki svo gott í dag, það er allt svo miklu betra segja þeir. Eða hvað? Veit t.d. fólk ennþá hvað vasadískó er?

En í þessu stöðuga streymi upplýsinga þá gleymum við stundum að hugsa um það sem raunverulega skiptir máli. Hvað skiptir máli fyrir mig?

Persónulega, og ég hugsa að ég tali fyrir flesta Íslendinga líka, er það t.d. að fá sanngjörn laun fyrir vinnuna mína. Fá kaffítímann minn í vinnunni. Fá veikindadaginn minn borgaðan. Fá yfirvinnuna mína borgaða...

Einhvern veginn virðist þetta samt ekki nægilega spennandi málefni, að allir viti hver sinn réttur er. Þú starir á sms-ið sem þú fékkst í símann þinn um hvað þú fékkst mikið útborgað þessi mánaðamótin og skilur hvorki upp né niður. Vann ég ekki meira en þetta, á ég ekki að fá meira en þetta? Þú „refreshar“ og athugar hvort það séu ekki örugglega önnur skilaboð á leiðinni. Það koma engin fleiri skilaboð svo þú

lætur þar við sitja. „Þetta er örugglega rétt, ég nenni ekki að spá í þetta.“

Ég hef sjálf verið í þessum sporum. Ég var lygilega lengi í þessum sporum og það er að vissu leyti skammarlegt að viðurkenna hversu lengi.

Hversu lengi ég var kíkja á launaseðilinn minn og átta mig á að ég skildi hann ekki alveg. Hversu lengi ég var þá að afla mér upplýsinga um hversu MIKLU ég átti í raun rétt á! Þegar ég segi afla upplýsinga þá meina ég auðvitað að opna heimasíðu stéttarfélagsins og þarna var þetta bara. Og búið að vera þarna allan tímann, ég var bara ekki búin að gefa mér tíma í að opna eina heimasíðu!

Á næstu dögum trítlaði ég með skólakvittunina mína, kvittunina fyrir ræktarkortinu mínu og launaseðilinn minn í Skipagötu 14 og fékk útskýringar á öllu saman hjá stéttarfélaginu. Já og í kjölfarið líka peninga.

Þetta er í alvörunni svona einfalt.

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir, ritstjóri



Hver er minn réttur?

Það er ýmislegt sem við þurfum að fylgjast með í vinnunni okkar sem ekki alltaf er farið eftir. Hér eru nokkrir punktar um hverju þú átt rétt á en vissir kannski ekki af:

Á hverju ári:

- Ég á að fá greidda orlofsuppbót í júní.
- Ég á að fá greidda desemberuppbót í desember.
- Ef kjarasamningum er breytt á ég að fá launahækkun sjálfkrafa. Fylgjumst með inn á www.fvsa.is

Daglega:

- Ég á að vita nákvæmlega hvenær vaktin mín hefst og hvenær hún endar.
- Vaktaplan á að gefa út með 4 vikna fyrirvara. Ég á að vita það með mánaðar fyrirvara hvenær ég er að vinna.
- Þegar ég vinn á laugardögum og sunnudögum á ég alltaf að fá lágmark 4 tíma í eftir-/yfirvinnu borgaða, þó svo ég vinni styttra.

Ef þú ert í einhverjum vandræðum með að skilja launaseðilinn þinn eða þér finnst ekki farið eftir þessum reglum, kíktu þá við á skrifstofu FVSA, hringdu í okkur í síma 455 1050 eða sendu tölvupóst til fvsa@fvsa.is og við hjálpum þér.

- Ef ég vinn utan dagvinnutímabils á ég að fá borgaða eftirvinnu.
- Ef ég vinn meira en 171,15 klst. (í afgreiðslustarfi) og 162,5 klst. (í skrifstofustarfi) þá á ég að fá borgaða yfirvinnu.
- Afgreiðslufólk í dagvinnu á rétt á ½ - 1 klst. í matartíma á tímabilinu kl. 12:00 - 14:00 (launalausn matartíma).
- Afgreiðslufólk í dagvinnu á rétt á 35 mínútna kaffitíma á dag, miðað við 8 tíma á launum.

„Mikils virði að hafa svona sjóð í félaginu“

Starfsmenntasjóður er sérstakur sjóður innan stéttarféлага sem veitir félagsmönnum styrk upp í skóla- og námskeiðsgjöld. Áramótin 2017-2018 hækkaði styrkurinn úr 90.000 kr. í 130.000 kr. og uppsafnaði styrkurinn úr 270.000 kr. í 390.000 kr. en til þess að eiga rétt á uppsöfnuðum styrk þurfa félagsmenn að vera búnir að greiða í félagið í 30 mánuði af síðustu 36 án þess að fá styrk úr sjóðnum á þeim tíma.

Hafði ekki hugmynd að styrkurinn yrði svona hár

Eva Hrund Einarsdóttir er ein þeirra sem nýtti sér uppsafnaða styrkinn á árinu en hún stefnir á mastersnám við Háskólann á Bifröst í forystu og stjórnun. Eva Hrund er um þessar mundir starfandi bæjarfulltrúi, og hefur verið frá árinu 2014, og segir námið henta mjög vel með vinnunni. Námið sé þó frekar kostnaðarsamt og því kom starfsmenntastyrkurinn að góðum notum. „Ég var að vinna sem starfsmannastjóri í mörg ár hjá Lostæti og vissi af sjóðnum en hafði ekki hugmynd um að hann myndi safnast svona upp til þriggja ára. Ég sá það bara á netinu þegar ég sótti um. Þetta er dýrt nám og það léttir klárlega á að geta fengið þennan styrk,“ segir Eva.

Ótrúlega auðvelt ferli

Eva hefur orð á því hversu auðvelt var að sækja um styrkinn en hægt er að gera það á heimasíðu félagsins. Þar er einnig að finna allar upplýsingar um starfsmenntasjóðinn og öll þau kaup og kjör sem félagsmenn eiga rétt á. „Þetta var ótrúlega aðgengilegt og þægilegt. Ef maður lendir í vandræðum er viðmótið hjá stéttarfélaginu líka ekkert nema gott og brugðist skjótt við,“ segir Eva og bendir á að eflaust haldi margir að þetta sé meiri fyrirhöfn en þetta í rauninni er.



Eva Hrund Einarsdóttir

Alls ekki allir sem vita af sjóðnum og nýta sér hann

Eva Hrund starfaði áður, til tíu ára, sem fjármála- og starfsmannastjóri hjá fyrirtækinu Lostæti. Að fenginni reynslu telur hún að fólk sé almennt ekki nægilega upplýst um réttindi sín og möguleika á styrkjum hjá stéttarfélaginu. Þá geti það verið aukin hvatning fyrir fólk að sækja frekara nám geti það leitað í sjóðinn. „Það er svo mikils virði að hafa svona sjóð í stéttarfélaginu. Út frá minni starfsreynslu vissi ég af sjóðnum en ég held það séu alls ekki allir sem vita af þessu og nýta sér þetta. Ég hvet því félagið til þess að fá framkvæmdastjóra og starfsmannastjóra á svæðinu í lið með sér við kynningu á sjóðnum,“ segir Eva að lokum.

Vilt þú vera með?

Á síðasta ári voru greiddir 473 styrkir til 410 einstaklinga.

Þú getur fengið:

Allt að 130.000 kr. á ári endurgreitt v/ skólagjalda (90% af námi/ starfstengdu námskeiðsgjaldi/ ráðstefnugjaldi).

Allt að 30.000 kr. á ári í tólmundastyrk (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk).

Allt að 40.000 kr. á ári í ferðastyrk v/ náms (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk).

Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því 390.000 kr. fyrir einu samfelldu námi.

VIÐBURÐARÍKT ÁR HJÁ FVSA

Tökum brúna – Kvennaráðstefna ASÍ:

Sannarlegt lof er ekki um of

Kvennaráðstefna ASÍ; Tökum brúna, var haldin í 6. skiptið dagana 5. og 6. apríl 2018 á Hótel Norðurljósum við Bláa lónið. Markmið ráðstefnunnar er að bæta tengslanet kvenna í verkalýðsbaráttunni en yfirskrift ráðstefnunnar var: **Sannarlegt lof er ekki um of**. Þar voru líflugar umræður og fyrirlestrar þar sem m.a. var fjallað um hlutverk kvenna í verkalýðsbaráttunni, óbeina mismunur sem sést í lágum launum kvennastétta, baráttu hinsegin fólks á vinnumarkaði o.fl. Um 50 konur frá fjölmörgum aðildarfélögum alls staðar af landinu mættu á ráðstefnuna, þ.á.m. sex fulltrúar frá FVSA.

Þing ASÍ-UNG:

Fulltrúi FVSA Margrét Júlía Óladóttir kjörin í stjórn

ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks á aldrinum 16-35 ára, innan verkalýðshreyfingarinnar, sem sjá til þess að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins.

Á málþinginu voru hlutverk stéttarfélagarædd og þær áherslur sem ungt fólk vill sjá í komandi kjarasamningum. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins; Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, fluttu erindi og tóku síðan þátt í pallborðsumræðum ásamt tveimur stjórnarmönnum ASÍ-UNG, Eiríki Þór Theódórssyni og Hafðísi Ernu Ásbjarnardóttur. Miklar umræður sköpuðust varðandi stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og er ljóst að fulltrúum finnst að víða megi gera betur til að styrkja stöðu þessa hóps.

Fulltrúar FVSA á þingi ASÍ-UNG voru Arnbjörg Jónsdóttir og Margrét Júlía Óladóttir. Á þinginu var Margrét Júlía Óladóttir, sem er rúmlega tvítug, kjörin í stjórn ASÍ-UNG.



Margrét Júlía Óladóttir og Arnbjörg Jónsdóttir voru fulltrúar FVSA á þingi ASÍ-UNG.



Fulltrúar FVSA á ráðstefnu. Frá vinstri: Helga Eymundsdóttir, Katrín Guðrún Pálsdóttir, Hulda Björnsdóttir, Bergþóra Jóhannsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir og Harpa Þorvaldsdóttir.

Ungir leiðtogar:

Frá Akureyri til Brussel



Hópurinn samankominn: Ungir leiðtogar á námskeiðinu í Belgíu.

Ungir leiðtogar er námskeið ætlað ungu fólki með það að markmiði að fræða það um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið er sniðið að ungu félögum í verkalýðshreyfingunni, trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfélaganna og ungu fólki í trúnaðarráðum.

Námskeiðið samanstendur af þremur námslotum sem miða að því að styrkja ungt fólk í ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk ásamt því að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni. Námskeiðið styrkir enn frekari tengsl og samvinnu ungs launafólks, þvert á starfsgreinar og landshluta. Fyrstu tvær loturnar voru haldnar í Reykjavík en sú þriðja í höfuðborg Belgíu, Brussel.

„Bara frábært og upplýsandi námskeið“

Fulltrúi FVSA á námskeiðinu var Margrét Júlía Óladóttir, sem situr nú í stjórn ASÍ-UNG og hefur tekið mjög virkan þátt í starfsemi FVSA síðustu ár, þ.á.m. hefur hún verið trúnaðarmaður hjá sínu fyrirtæki, sótt trúnaðarmannanámskeið og setið í trúnaðarráði. Margrét sótti námskeiðið í fyrsta skiptið og segir námskeiðsloturnar hafa verið stórskemmtilegar en langt út fyrir þægindarammann.

„Umsjónarmenn námskeiðsins voru yndislegir og ekki skorti verkefni sem voru algjörlega út fyrir kassann. Keyrslan var mikil en ég hefði varla getað farið með betri mannskap. Takk fyrir mig,“ segir Margrét um reynsluna.

Aðalfundur FVSA

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alpýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 25. febrúar sl. Fjölmennt var á fundinum þegar félagsmenn komu saman, gæddu sér á léttum veitingum og gerðu upp starfsemi félagsins á nýliðnu ári. Fundurinn hófst með ræðu formanns FVSA, Eiðs Stefánssonar, þar sem hann fór yfir ýmis mál sem snúa að stéttarfélaginu.

Ársskýrsla og ársreikningar félagsins 2018

Farið var yfir ársskýrslu stjórnar félagsins árið 2018 en skýrsluna má nálgast á heimasíðu FVSA. Í henni er að finna yfirlit yfir alla viðburði og almenna starfsemi félagsins á nýliðnu ári. Hermann Brynjarsson fór yfir ársreikninga félagsins 2018 en að því loknu var stjórnarkjóri lýst.

Sigurlaugu Hinriksdóttur var sérstaklega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins á fundinum en Sigurlaug hefur unnið fyrir félagið í ein 14 ár. Hún var kjörin í Fulltrúaráð FVSA, sem í dag heitir Trúnaðarráð, árið 2004 og var þar til ársins 2016. Þá var hún einnig trúnaðarmaður á vinnustað til margra ára en hætti sem slíkur í lok síðasta árs.



Sigurlaug Hinriksdóttir fékk þakklætisvott fyrir störf sín í þágu félagsins.

Ljóst að kjaraviðræður stefna í átök

Drífa Snædal, forseti ASÍ, mætti á aðalfund FVSA og ræddi við fundargesti um yfirstandandi kjaraviðræður. Hún fór yfir hvernig málin hafa þróast, hvernig viðræður standa í dag og hver séu næstu skref.

„Ef við gerum ekkert þá verða hinir ríku enn ríkari“

Eiður Stefánsson hóf ræðu sína á þeim sláandi staðreyndum að 1 af hverjum 6 vinnandi einstaklingum í Evrópu eru undir fátæktarmörkum. Fátækt verkafólks stóreykst og misskipting auðs heldur áfram að aukast á Íslandi. Hann ítrekaði mikilvægi þess að breyta skattkerfinu og tók dæmi því til stuðnings að árið 2016 voru Íslendingar með 117 milljarða króna í fjármagnstekjur, sem er 21,7 milljarða hækkun frá árinu 2015. Þessar fjármagnstekjur dreifðust ekki jafnt á milli hópa heldur er eitt prósent landsmanna, þeir tekjuhæstu, að fá 47% af þessum tekjum. „Athugið að fjármagnstekjur eru tekjur og það er ekki neitt réttlæti í því að við



Nýkjörin aðalstjórn FVSA. Frá vinstri: Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Halldór Óli Kjartansson og Jón Grétar Rögnvaldsson.



borgum um 37% skatt af okkar tekjum á meðan þeir sem fá tekjur af annarri starfsemi í formi fjármagnstekna borgi ekki nema 20% skatt og ekkert útsvar,“ sagði Eiður í ræðu sinni.

Það þarf meira til að sjá alvöru breytingar á samfélaginu

Í framhaldinu sagði Eiður félagsmenn stéttarféлага gera eðlilega kröfu á stéttarfélög og ASÍ að beita þrýstingi á stjórnvöld til stefnubreytinga í skattamálum, vaxta-, heilbrigðis-, húsnæðis- og velferðamálum í von um betri hag fyrir alla Íslendinga. „Allir þessir málaflokkar eru í raun ekki á samningaborði stéttarféлага en samt hefur ASÍ reynt í rúm hundrad ár að hafa áhrif á stjórnvöld varðandi þessa málaflokka. Oftast er hún eina launþegahreyfingin sem reynir að beita sér á þessu sviði og hefur sem betur fer oft náð góðum árangri. En það er alveg ljóst að meira þarf til ef við viljum sjá alvöru breytingar á okkar samfélagi,“ sagði Eiður og benti á alþingiskosningarnar á fjögurra ára fresti. „Þá er rétti tíminn og vettvangurinn til að berjast fyrir breytingum. Ég er ekki að fara að segja ykkur hér og nú hvaða flokk skal kjósa, en ég hvet ykkur hinsvegar til að mæta á fundi hjá þeim flokki sem þið styðjið fyrir kosningar og gera breytingar á stefnu flokksins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga.“

Harkan eykst í samningaviðræðum

Eiður fór ítarlega í kjaramálin í ræðu sinni, stöðu samningaviðræðna og kröfugerð FVSA. LÍV (Landssamband íslenskra verslunarmanna) var falið samningsumboð FVSA í kjaraviðræðunum en samningafundur LÍV og VR við SA (Samtök Atvinnulífsins) hófust í lok árs 2018. LÍV og VR voru til að byrja með saman við samningaborðið þar til nokkrum dögum fyrir jól en þá skyldu leiðir. Föstudaginn 22. febrúar var tekin ákvörðun í samninganefnd LÍV að vísa kjaradeilu sinni og SA til ríkissáttasemjara þar sem enn er reynt að semja. Eiður sagði hörkuna í samningaviðræðum vera að aukast hjá báðum aðilum og að nú stefni í verkfall hjá Eflingu og VR en síðast fóru LÍV og VR í verkfall árið 1988, fyrir 31 ári síðan.

Bjartsýnn á að landa kjarasamningi án mikilla verkfallsátaka

Eiður var bjartsýnn í ræðunni að samið verði um kjarasamning án þess að farið verði í mikil verkfallsátök. Hann telur það ekki leiðina að fara í allsherjarverkfall.

„Það er mitt mat að allsherjarverkfall sé ekki sú leið sem stéttarfélög eigi að fara í dag, en ég er mjög hlynntur þeim aðferðum sem mér sýnist VR og Efling séu að beita í dag sem er að fara í staðbundin verkföll í takmarkaðan tíma. Við munum halda áfram að þrýsta á SA og ég tel að með smá eftirgjöf beggja samningsaðila og aukaútspili frá ríkisstjórninni þá verði hægt að landa kjarasamningi án þess að fara í mikil verkfallsátök.“



*Hvað er betra en sumarfrí? Aðeins ódýrara sumarfrí!
Mynd: Þórður Halldórsson.*

Ég fer í fríið

Félagsmönnum FVSA bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og aðra styrki. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og „viku að eigin vali“ er til 25. mars 2019.



Air Iceland Connect

Inneignarbréf hjá Air Iceland Connect

Félagsmenn geta einnig keypt inneignarbréf frá Air Iceland Connect að upphæð 10.000 kr. en greiða einungis 6.000 kr. fyrir.



Útilegukort

25 útilegukort verða til úthlutunar hjá félaginu en einnig verður kortið til sölu á skrifstofunni á 18.900 kr. Útilegukortið gildir á 42 tjaldsvæði. Nánari upplýsingar á vefnum: www.utilegukortid.is



Veiðikortid

Veiðikortid verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á 6.300 kr. en það gildir á 34 vatnasvæðum. Nánari upplýsingar á vefnum: www.veidikortid.is

FOSSHOTEL

Niðurgreiddir gistimiðar

Líkt og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Fosshotelin á 11.000 kr. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar: www.fvsa.is.

Vika að eigin vali

Auk orlofshúsa býður félagið upp á 100 orlofsstyrki sem bera heitið „vika að eigin vali“. Um er að ræða 25.000 kr. styrki vegna ferðakostnaðar á árinu 2018, þ.e. flug og/eða gisting.

Athugið

Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almanaksári af gistimiðum og inneignarbréfum.

Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum www.fvsa.is Allar nánari upplýsingar um húsin eru inn á vefnum. Einnig er hægt að fá aðstoð á skrifstofu félagsins.

Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru **reyklausir** og **stranglega bannað** að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

ORLOFSHÚS - SUMARLEIGA

Íbúðir í Reykjavík

Félagið á fjórar íbúðir í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík, ásamt tveimur íbúðum í Mánatúni 13. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar en allar eru þær með rúmgóða stofu, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Tveggja herbergja íbúð - 25.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir tvo, að auki er veggrúm í stofu sem tveir geta sofð í, ferðabarnarúm og barnastóll.

Þrjár þriggja herb. íbúðir - 31.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herb. íbúð - 36.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.



ATH: Ekki er lengur hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðum.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímamann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 5. júní til 21. ágúst 2019.

Skógarsel, Vaglaskógur

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, sjónvarpsrými, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Í húsinu er gístaðstól fyrir 11 manns.

Sængur fylgja en án líns. Upplýsingar um stærðir á dýnum er inn á heimasíðu félagsins. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Veturinn 2017 var lagður ljósleiðari í húsið og er því komin þráðlaus nettenging og myndlykill frá Símanum.

Við húsið er stór afgirtur sólpallur og þar er stór heitur pottur. Umhverfis húsið er stór, girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna.



Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 23. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Verð: 50.000 kr. vikan.

Illugastaðir, hús nr. 2 og 19

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Við húsin er heitur pottur og gasgrill, sængur og koddar fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða þá leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítill verslun. Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur. Óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Haustið 2017 var lagður ljósleiðari í öll húsin á svæðinu. Í húsin er því komin þráðlaus nettengin og myndlykill frá Vodafone þar sem leigjendur hafa aðgang að heilmikilli afþreyingu í gegnum Vodafone PLAY.



Hús nr. 2 - 25.000 kr. vikan. Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.

Hús nr. 19 - 28.000 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7.júní til 23. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir hjá umsjónarmanni á Illugastöðum gegn framvísun leigusamnings.

Miðhúsaskógur, Bláskógabyggð

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi. T.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærlabelgur, frísí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fm með þremur svefnherbergjum og gistiþlássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu.



Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, gasgrill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið.

Leigutímabil: 7. júní til 23. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á föstudögum.

Verð: 32.000 kr. vikan.

Lyklar: Eru í lykaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Umsóknarfrestur um orlofshús og „viku að eigin vali“ er til 25. mars 2019.

Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiplássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúabyggðinni.

Leigutímabil: 14. júní til 9. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Verð: 30.000 kr. vikan.



Einarsstaðir á Héraði

Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvöllir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu og það fylgja tvær golfkylfur og kúlur hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsöluastaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er nr. 19 og er 45 fermetrar. Það skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna eru tvíbreið rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn ásamt heitum potti eru við húsið. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsinu er allur búnaður miðaður við átta manns.



Leigutímabil: 7. júní til 23. ágúst

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Verð: 30.000 kr. vikan

Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru reyklusir og stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

Litið inn á vinnustaði félagsmanna

Þriðja árið í röð var litið inn á vinnustaði félagsmanna í þeim tilgangi að kanna hversu margir félagsmenn væru meðvitaðir um réttindi sín á vinnumarkaði og hvort félagsmenn væru að nýta alla þá þjónustu

sem stéttarfélagið er reiðubúið að veita þeim. Í ár var tekin ný stefna og kannað enn frekar hversu mikið ungir félagsmenn vissu um kjör sín og réttindi.

2017

Árið 2017 voru tíu félagsmenn spurðir hvort að þeir þekktu hlutverk stéttarfélaga, hvort þeir hafi leitað til stéttarfélagsins og hvort þeir vissu hvað trúnaðarmaður er. Félagsmenn voru á aldrinum 15-30 ára.

- 3 af 9 vissu ekki hvað stéttarfélag gerir.
- 5 af 10 höfðu aldrei leitað til stéttarfélagsins.
- 3 af 10 vissu ekki hvert hlutverk trúnaðarmanns er.

2018

Árið 2018 voru sex félagsmenn spurðir sömu spurninga og árið áður. Félagsmenn voru á aldrinum 16-27 ára.

- 2 af 6 vissu ekki hvað stéttarfélag gerir.
- 3 af 6 höfðu aldrei leitað til stéttarfélagsins.
- Allir félagsmenn vissu hvert hlutverk trúnaðarmanns er.

2019

Í ár voru nokkrir félagsmenn spurðir eftirfarandi spurninga:

1. *Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?*
2. *Hefurðu nýtt þér það?*
3. *Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?*
4. *Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?*
5. *Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?*



Daníel Aron Stefánsson, 22 ára - Rúmfatalagerinn

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Eitthvað já.

Hefurðu nýtt þér það?

Já, til dæmis fékk ég styrk fyrir gleraugunum mínum.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Nei.

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já, það er eitthvað eftir x marga tíma á dag.

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Auðveldi leiðir til að afla sér upplýsinga, t.d. kannski með appi.



Hildur Margrét Birkisdóttir, 19 ára - Sportver

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Nei ekki alveg.

Hefurðu nýtt þér það?

Nei.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Nei.

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já, svona einhverja hugmynd.

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Kannski bara fyrirlestrar í skólum?



Sigurros Halldórsdóttir, 20 ára - Dressmann

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Til dæmis leigt sumarbústaði og húsnæði.

Hefurðu nýtt þér það?

Já.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Nei.

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já, nokkurn veginn. Eins og t.d. á sunnudögum og rauðum dögum.

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Fara snemma í skólana og kynna fyrir nemendum sem eru að byrja að vinna.

Birgir Freyr Magnússon, 19 ára - Dressmann

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, hægt að nýta sér allskonar styrki.

Hefurðu nýtt þér það?

Já, til dæmis fékk ég styrk fyrir árskortu í ræktina.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Nei.

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já.

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Byrja strax að fara í skólana í 9. og 10. bekk og ná til ungu krakkanna.

Margrét Jóna Stefánsdóttir, 17 ára - Penninn Eymundsson

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Ýmislegt já.

Hefurðu nýtt þér það?

Ég er ekki mikið að nýta það nei en gæti alveg tékkað á þessu betur.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Já, ég veit hvað orlofsuppbótin er, er desemberuppbótin ekki bara jólabónus?

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já, nokkurn veginn held ég. Er það ekki aukavaktir og ef þú ert yfir skráða tíma?

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Nei, mér dettur ekkert í hug. Ég t.d. get ekki fyrirlestra.



Hreinn Halldórsson, 62 ára - Hótel KEA

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já.

Hefurðu nýtt þér það?

Já, t.d. styrki fyrir sundkort og gleraugu.

Veistu hvað orlofsuppbót eða desemberuppbót er?

Já.

Veistu hvenær þú átt að fá borgaða yfirvinnu?

Já, fylgist alveg með því.

Hvernig heldur þú að við getum frætt ungt fólk betur um réttindi sín?

Já, kannski bara svipað og þú ert að gera núna, heimsækja staðina og tala við fólkið hugsa ég.

Styrkir úr sjúkrasjóði

Í heildina voru greiddir styrkir upp á 26.310.940 kr., samtals 1663 styrkir til 920 félagsmanna. Heildargreiðslur úr sjúkrasjóði 2018 voru rétt rúmar 70 milljónir.

Greiðslur sjúkradagpeninga hækkðu verulega á milli ára en heildargreiðslur í sjúkradagpeninga voru 44.044.774 kr. fyrir árið 2018, sem er 42% aukning á milli ára. Alls var greiddur 171 mánuður í sjúkradagpeninga til 66 einstaklinga. 86% af þeim eru konur og 42% eru þrítugir og yngri.

Það vakti einnig athygli að talsverð aukning varð í styrkjum úr sjúkrasjóði 2018 vegna andlegra veikinda og vegna álags bæði í vinnu og heima (eða vegna kulnunar).

Prep 1: Fullan rétt til styrkja eiga þeir félagsmenn sem greitt hafa kr. 31.440 í félagsgjald á síðustu 12 mánuðum. Viðmiðið er byrjunarlaun 20 ára.

Prep 2: Þeir sem greitt hafa frá kr. 7.000 til 31.439 kr. í félagsgjald s.l. 12 mánuði (eða laun frá kr. 50.000 að byrjunarlaunum 20 ára).

Hámarksstyrkur		60.000	36.000
Styrkir úr sjúkrasjóði	Hlutfall af reikningi	Prep 1	Prep 2
Sjúkraþjálfun	75%	50.000	30.000
Krabbameinsleit	85%	10.000	3.000
Líkamsrækt	50%	30.000	18.000
Sálfræðipjónusta	50%	35.000	15.000
Sjúkranudd / hnykk	35%	25.000	10.000
Nudd (dekur)	35%	15.000	5.000
Heyrnartæki (á 3 ára fresti)	35%	25.000	10.000
Gler og linsur (á 3 ára fresti)	35%	25.000	12.000
Glasa/tæknifrjógungun	50%	55.000	33.000
Lasik augnaðgerð (á 3 ára fresti)	35%	55.000	33.000
Útfararstyrkur til greiðandi félaga		400.000	
Útfararstyrkur til lífeyrisþega		150.000	

Vímuefnaðferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur

Ellilífeyrisþegar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 7 ár eftir síðustu greiðslu.

Öryrkjar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 2 ár eftir síðustu greiðslu.

Leikhúsfærð



Félag verslunar- og skrifstofufólks býður ellilífeyrisþegum sínum að sjá leikritið "Fullkomið brúðkaup", sem sýnt verður í Hofi 10. mars n.k. kl. 14.

Veitingar verða í boði.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu félagsins í síma 455-1050, í síðasta lagi 6. mars.



Krossgátan

Höfundur krossgátu: Hartmann Eymundsson.

H. E.	Kjaramál	Íðju-semin Ruglið	Fuglina	Klesst	Tala	Fugla-afurð	Hafðu not af	Pinnar	Hindun	Samein-þjóðirna	Þiti Móða	Kuglið Sigadís
Íón-skóli Upphr.												>
Dugur-ínn					Gjót- larnar Fóðrist							
Reykja Hljóða						>				Athuga Licka		
Spila-Lögr						Skákin Lanir Staka						>
Alpab-ist Lðu		>				>						
Tjörn				Litu Eyktin				Tala Mark Síðan Húsvöstur	>			>
Bogi			Ört Ranann Avölu				Mörflot Flæði- Land					>
Samhl. Hvatt	>				Hár Sarg- aði				Sigad Rit			
Lagleg Tré						>				Öflug rób Hafi, orð o		
Leakn-ingu Sigla-púki					>				>			
Átt		Nýjir Angar Spít Þúl									Samhl. Þorb- stokkur	
Sjór				Gana Mann Umhr- erfis					>			Stuld- inum
Kinda							Fugl Hóa	>				
Hljóm-falli			>			Spurn Litla			Gyðja Vöru- marki			
Dygga					Dimm- an Stefna							
Æs-ingur		>					Drýkk Samhl.			Tveir Tvihl.		
Neythu Rgn Fljótinn					>			>				
Til um-ræðu		>						Op				

Hvað veit fólk á vinnumarkaði um stéttarfélagið?

Þriðja árið í röð voru félagsmenn FVSA heimsóttir á vinnustaði og fengnir til að svara nokkrum spurningum um hvað þeir vita í raun og veru um réttindi sín á vinnumarkaði og hjá stéttarfélaginu sínu. Veit ungt fólk hvenær það

á að fá borgaða yfirvinnu? Hvað desemberuppbót er? Hvað stéttarfélag gerir? Sjáðu niðurstöðurnar á bls. 12.



Vissir þú að ...

Þú getur fengið ræktarkortið þitt, gleraugun þín, bílprófið þitt, sálfræðitímana þína, skólagjöldin þín o.fl. endurgreitt að hluta til frá stéttarfélaginu þínu?

Þú getur leigt íbúðir og sumarhústaði, keypt ódýrari flugmiða innanlands og keypt ódýrari hótलगistingu gegnum stéttarfélagið þitt?

Ef eitthvað bjátar á í vinnunni og þú þorir ekki, eða getur ekki, talað við yfirmann þá er trúnaðarmaður í fyrirtækinu þínu sem þú getur talað við í 100% trúnaði. Það sama gildir um skrifstofu FVSA.

Ef þú skilur ekki launaseðilinn þinn eða grunar að þú sért á of lágum launum getur þú alltaf leitað til FVSA.

18 og 19 ára einstaklingar sem starfað hafa a.m.k. 6 mánuði (að lágmarki 700 vinnustundir) í starfsgrein, eiga rétt á byrjunarlaunum 20 ára.

Við 20 ára aldur er starfsreynsla metin að fullu við röðun í starfsaldursþrep (1775,5 vinnustundir teljast ársstarf).

Við mat á starfsaldri til launa veitir 22ja ára aldur rétt til næsta starfsaldursþreps fyrir ofan byrjunarlaun.